

Nd.

109. Frumvarp

til laga um kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrutafirði.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Bæirnir Guðlaugsvík, Kolbeinsá, Heydalur og Skálholtsvík í Prestsbakkasókn í Strandaprófastsdæmi skulu eftirleidis greiða kirkjugjöld til sinnar eigin sóknarkirkju, Prestsbakkakirkju í Hrutafirði.

2. gr.

Kirkjustjórnin skal láta semja skýrslu um, hversu hárrí upphæð hafi numið að meðaltali undanfarin 5 ár kirkjugjöld af þessum bæjum. Skal greiða úr rikissjóði til Óspakseyrarkirkju, í eitt skifti fyrir öll, höfuðstól í krónutali, sem svari, með 6% vöxtum, jafnhárrí upphæð og það meðaltal.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samkvæmt ósk sóknarbúa í Prestsbakkasókn við Hrutafjörð og í samráði við sóknarbúa í Óspakseyrarsókn í Bitrufirði.

Með lögum nr. 26, 2. nóv. 1885, var gerð breyting á skipun prestakalla í Strandaprófastsdæmi og víðar. Samhliða því var svo ákveðið, að þessir fjórir nefndu bær skyldu gjalda kirkjugjöld til Óspakseyrarkirkju, þótt þá væru fluttir til Prestsbakkasóknar. Var Prestsbakkakirkja þá ljens Kirkja, þ. e. í ábyrgð þess opinbera, en Óspakseyrarkirkja var bændakirkja, svo að svo má líta á, sem ríkið hafi þannig afsalað bændakirkjueigendunum þessar tekjur. Nú eru kirkjur þessar báðar komnar í umsjón safnaða, og alstaðar annarsstaðar mun sú regla gilda, að sóknarbúar greiði kirkjugjöldin til sinnar eigin kirkju, en ekki annarar. Er því hjer um alveg einstakt fyrirkomulag að ræða. Mun og ekki að efa, ef til sjerstakra útgjalda kæmi vegna Prestsbakkakirkju, þá yrðu þessir fjórir bær að standa undir þeim, með öðrum bæjum í sókninni. Virðist því alveg sjálfsagt, að breytt sje þessu úrelta og óeðlilega fyrirkomulagi, um að þeir gjaldi til annarar kirkju en sinnar eigin, er krafa kemur fram um það, þótt sóknarnefnd hafi í bili yfirsjest að bera fram þá kröfu um leið og söfnuðurinn tók við kirkjunni.

Hinsvegar væri ósanngjarnt að lögleiða þessa breytingu án þess að bættur yrði tekjumissir sá, sem Óspakseyrarkirkja verður fyrir, því að Óspakseyrarsöfnuður hefir tekið við umsjón og fjárhaldi kirkju sinnar á grundvelli þessa skipulags, og þar sem ríkið á sinni tíð ljet þáverandi eiganda Óspakseyrarkirkju halda tekjunum af þessum bæjum, virðist rjettlátt, að það beri þann kostnað,

sem af því leiðir að koma þessu í rjettlátt horf. En alls er hjer aðeins um að ræða nokkur hundruð króna.

Af framansögðu verður ráðið, að hjer er ekki um neitt hættulegt for-dæmi að ræða.

Leitað hefir verið umsagnar biskups, og fer hún hjer á eftir.

»Mjer er það mikið ánægjuefni að mega eiga von á frumvarpi til laga eins og þessu, þó't lítið sje í sjálfu sjer, því að verði það að lögum, þá ætti með því að vera loku fy ir það skotið, að Prestsbakkakirkja þurfi lengur að búa við það misrjetti, sem hún að rjettu lagi hefir búið við í næstliðin 40 ár, eða síðan er lögín nr. 26, 2. nóv. 1885, gengu í gildi. Því að jeg get ekki valið því vægara heiti en misrjetti, þegar dembt er ósanngjarnri kvöð á einn, til þess að bæta öðrum halla, sem hann verður fyrir. En svo var farið með Prestsbakkakirkju fyrir 40 árum. Með þessum lögum frá 1885 voru færð sóknartakmörkin milli Óspakseyrar- og Prestsbakkasókna, sem nú sögðu sundur með sjer eftir margra ára samveru, svo sem systursóknir innan eins og sama prestakalls. Við þá færslu skyldi fjórir nafngreindir bæir úr Óspakseyrarsókn sameinast Prestsbakkasókn, en til þess að bærdakirkjan á Óspakseyri misti einskis í við það, að gjaldendum fækkaði við þetta, þá var það ráð tekið að mæla svo fyrir í lögum þessum, að ljenskirkjan á Prestsbakka tæki að visu við kirkjugjöldum af þessum fjórum bæjum, en greiddi það, sem þeim svaraði, til Óspakseyrarkirkju úr sjóði sínum(!) Með þeim hætti bar Prestsbakkakirkja það eitt úr býtum við þá fjölgun gjaldenda, sem leiddi af færslu sóknartakmarkanna, að mega í sínu nafni heimta inn tekjur af þessum 4 bæjum, til þess svo eftir á að afhenda þær Óspakseyrarkirkju! Sem betur fer hygg jeg, að jafn-ankannalegt fyrirkomulag sje einsdæmi, en umboðsstjórn þeirra tíma fanst nú þetta ráð heppilegt, til þess að losa hið opinbera við að greiða Óspakseyrarkirkju skaðabætur vegna tekjumissis af nefndri ástæðu. Að öðru leyti en þessu fæ jeg ekki betur sjeð en að hjer á landi, ekki síður en annarsstaðar, hafi trúlega verið fylgt hinu gömlu kirkjurjettarlegu reglu, að »gjald skuli til þeirrar kirkju greiða, sem maður á sókn til«. En með þessu umrædda lagaákvæði er svo langt farið, að menn eru ekki aðeins skyldaðir til að gjalda til kirkju, sem ekki er lengur sóknarkirkja þeirra, heldur er og orðin sóknarkirkja í öðru prestakalli! Hefði Prestsbakkakirkja um þær mundir, sem lögín urðu til, verið komin í umsjón og fjárhald safnaðar, hefði mönnum ekki komið til hugar að setja þetta ákvæði í lögín, þar sem menn máttu vita, að því yrði jafnharðan mótmælt sem ákvæði, er ekki næði ueinni átt. En kirkjan var enn ljenskirkja, í umsjón sóknarprests, og því gat umboðsstjórnin komið þessu fram. Þó er hitt merkilegra, að þetta misrjetti skuli hafa getað viðgengist í 40 ár, svo auðveldlega sem því hefði átt að mega kippa í lag, er kirkjur þessar urðu safnaðarkirkjur, — Óspakseyrar 1907, en Prestsbakkakirkja 1912! — Að nokkur söfnuður skuli hafa fengist til að taka að sjer Prestsbakkakirkju til umsjónar og fjárhalds með slikri árlegri gjaldkvöð, er því að eins hugsanlegt, að söfnuðinum, sem til þessa hafði aldrei komið nærri reikningshaldi kirkjunnar, hafði verið alveg ókunnugt um þessa gjaldkvöð, og enginn til að benda honum á hana.

Jeg hefi vandlega yfirfarið frv. og ástæður flytjanda og ekkert fundið við það að athuga. Eftir kirkjureikningum síðari ára munu þessi kirkjugjöld nema c.

48 kr. á ári, sje reiknað með 38 gjaldendum alls. Með 6% samsvarar það kr. 800,00, er greiðast ætti Óspakseyrarkirkju í skaðabætur eitt skifti fyrir öll, og ætti það ekki að vera neinum tilfinnanlegt.

Að endingu skal það eitt mælt, að jeg vona fastlega, að frumvarp þetta fái góðan byr á þingi og megi verða að lögum«.